

## 18. gr.

20

Sá, sem flest atkvæði fær í nefnd, eða er elztur, ef fleiri fá jafnmörg atkvæði, kveður nefndin saman í fyrsta skipti og lætur kjósa formann. Boðar hann síðan nefndarfundu og annast framkvæmdir nefndarinnar. Um leið og nefnd lýkur starfa sínum í máli, kys hún framsögumann. Klofningur nefndar hefur framsögurétt.

## 19. gr.

Skyldur er hver bæjarfulltrúi að taka á móti kosningu í nefnd.

## 20. gr.

Bæjarstjóri sér um afgreiðslu allra mála samkvæmt ályktun bæjarstjórnar og framkvæmd á öllum þeim málum, sem ekki eru falin einstökum fulltrúum eða nefndum.

## 21. gr.

Afbrigði frá fundarsköpum þessum getur bæjarstjórnin gert í einstökum tilfellum, þegar nauðsyn þykir til bera, ef það er samþykkt af tveim þriðju viðstaddra bæjarfulltrúa.

## 22. gr.

Til að gera breytingu á fundarsköpum þessum þarf tvær umræður í bæjarstjórn og staðfestingu stjórnarráðsins.

Fundarsköp þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 48 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og jafnframt eru úr gildi numin fundarsköp fyrir bæjarstjórn Neskaupstaðar, nr. 44 16. apríl 1929.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1956.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Helgi Helgason.*

Stjórnartíðindi 1956, B. 4.

## **Bréf ríkisendurskoðunarinnar til Dráttarvélar h.f., Reykjavík, er 21 varðar tollun á vöxtum.**

2. marz

Með bréfi, dags. 8. f. m., spyrjst þér fyrir um það, hvort taldir skuli í tollverði dráttarvéla 3% vextir, sem seljandi dráttarvéla tók vegna greiðslufrests, sem hann veitti yður á greiðslu andvirðisins.

Ef athuguð eru ákvæði 10. og 14. gr. tollskrárlaga má það vera ljóst, að ætlast er til, að hið almenna útflutningsverð, að minnsta kosti, sé innifalið í tollverði vöru, en þó að í verði vörunnar í útflutningslandinu sé kostnaður, sem undir venjulegum kringumstæðum myndi ekki vera talinn í almennu útflutningsverði, t. d. vextir, sem eru teknir vegna greiðslufrests, er engin heimild til að sleppa slíkum aukakostnaði, og skal hann því talinn í tollverði vörunnar. Vaxtagreiðslan, sem yður var reiknuð á vörureikningnum, sem þér getið um, hefur því réttilega verið talin í tollverðinu, sem þér greidduð verðtoll af.